

**Nd.**

**§9. Frumvarp**

til laga um tilbúinn áburð.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Á tímabilinu 1926—1930, að báðum árum meðtöldum, annast ríkisstjórnin, eða lætur annast, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, útvegum á tilbúnum áburði fyrir hreppa- og bæjarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnufjelög bænda.

2. gr.

Meðan ríkisstjórnin annast útvegum tilbúins áburðar, skulu skip ríkisins annast flutning hans endurgjaldlaust bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem þau annars koma við á.

3. gr.

Sje verð hins keypta áburðar greitt við móttöku, selst varan álagning-  
arlausn á öllum viðkomustöðum skipanna. Heimilt er að lána vöruna í allt að  
6 mánuði, og má þá leggja á 5%.

4. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal gefa út nákvæman leiðarvísni um notkun  
tilbúins áburðar. Búnaðarfélag Íslands og búnaðarfélag landsins skulu útbýta  
leiðarvísni þessum ókeypis. Kostnaður við útgáfu og útsending greiðist úr  
ríkisjóði.

5. gr.

Ríkisstjórnin auglýsir árlega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, áætlað  
verð á tilbúnum áburði.

6. gr.

Pantanir á tilbúnum áburði skulu komnar til ríkisstjórnar fyrir 1. jan.  
ár hvert.

7. gr.

Fjelög þau, er áburð panta samkvæmt lögum þessum, leggi fram trygg-  
ingu fyrir fullri greiðslu, sem ríkisstjórn tekur gilda.

8. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar og allan kostnað við framkvæmd  
laga þessara greiðir ríkissjóður.

9. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd einstakra atriða í lögum þessum getur  
ríkisstjórnin sett í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925 og koma að öllu leyti til fram-  
kvæmda á árinu 1926.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú, á sínu sviði, alveg hliðstætt gaddavirslögunum,  
eins og þá var ástætt. — Þá var nýlega farið að nota það ágæta og ódýra  
girðingarefni (gaddavirinn), og einhver mesta nauðsyn landbúnaðarins auknar  
girðingar. Gaddavirslögin áttu áreiðanlega mjög mikinn þátt í því, hversu stór-  
miklar breytingar urðu í því efni á næstu árum. Hlunnindi þau, sem lögin  
veittu bændum, voru og á engan hátt misnotuð. — Nú er það lýðum ljóst,

að aðalverkefni bændastjettarinnar á þessum árum og næstu er að auka tún-  
ræktina. En meðan bændur hafa engan annan áburð en búfjáráburð, eru tún-  
ræktinni settar mjög þröngar skorður. Hinsvegar hafa nú um allmörg ár verið  
framkvæmdar rækilegar tilraunir um notkun tilbúins áburðar, og einstakir  
bændur, fáir þó, hafa fengið allmikla reynslu í þessu efni. Er óhætt að full-  
yriða, að Búnaðarfélagi Íslands er ekki um megn að gefa út nægilega ákveðnar  
reglur um notkun áburðarins, svo að ekki eigi að vera hætta á, að hann verði  
notaður óskynsamlega. Er og reynslan búin að sýna, að a. m. k. á ræktuðu  
landi verða fylstu not tilbúins áburðar, og ætti það að losa búfjáráburðinn  
til nýræktar. Aðstaðan virðist því vera sú nú, að ríkinu bæri að gera svipaðar  
ráðstafanir um að ýta undir og greiða fyrir notkun tilbúins áburðar, sem það  
gerði á sinni tíð um notkun gaddavírsins. Það er tilgangur þessa frumvarps,  
að ná því marki.

Flutningsmaður þessa frv. lagði fyrir nýafstaðið Búnaðarþing uppkast  
að frv. til laga um tilbúinn áburð og kjarnfóður. Var það að mestu samhljóða  
þessu frv., að viðbættu því, sem titill segir til, að ætlast var til, að sama skipu-  
lag gildi um kjarnfóður. Við nánari athugun varð það að ráði á Búnaðarþingi,  
að breyta frv. á þá leið, að fella niður öll atriðin um kjarnfóðrið, og verður  
ekki hjer vikið að ástæðum fyrir því. En meiri hluti nefndar þeirrar, er á  
Búnaðarþingi hafði málið til meðferðar, aðhlytist frumvarpið eins og það  
er nú borið fram á Alþingi, að öðru leyti en því, að 2. gr. þess nú var ekki  
með. Var frumvarpið þannig samþykkt á Búnaðarþingi með 10 atkv. gegn 2.  
Loks fór fram atkvæðagreiðsla, til reynslu, samkvæmt ósk flutningsmanns,  
um 2. gr., og var hún þá samþykkt með 6 atkv. gegn 4. Í þeirri mynd er frv.  
nú borið fram.